



„Menningarmóti - Fljúgandi teppi“ í Grunnskóla Reyðarfjarðar

Kæru forráðamenn

Ykkur er hér með boðið í heimsókn í Grunnskóla Reyðarfjarðar á morgun, fimmtudaginn 4. október kl. 17. Þá ætlum við að sýna ykkur afrakstur þemavikunnar þar sem áherslan hefur verið m.a. verið:

Hvað er menning?

Hvað er mín menning - okkar menning?

Hvað gerir okkur stolt og fær okkur til að blómstra?

Hversu mörg tungumál tölum við í bekknum okkar?

Á menningarmótinu fá börnin tækifæri til að kynna sína persónulegu menningu, tungumál og áhugamál í hvetjandi umhverfi. Ekki er endilega um að ræða að miðla þjóðarmenningu eða upprunamenningu heldur er markmiðið að hver og einn varpi ljósi á það sem skiptir hann mestu máli eða vekur áhuga hans.

Við hlökkum til að sjá ykkur!

Með bestu kveðju

Starfsfólk Grunnskóla Reyðarfjarðar og

Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnisstjóri Menningarmótsins



Sjá nánar á menningarmot.is